



## **194. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 24. apríl 2017 kl. 09:30.**

Mætt: Brynjólfur Magnússon (varamaður), Elín Einarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Hólmfríður Sigrún Gylfadóttir (fulltrúi foreldra) var fjarverandi, Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Olga Lísía Garðarsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson (fulltrúi kennara), og Þórarinn Ingólfsson.

Olga Lísía setti fundinn og bauð fólk velkomið.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fulltrúar kynna sig**

Elín kynnti sig og síðan Jón G, Ingvar, Jóna S., Sigursveinn, Brynjólfur, Þórarinn og Olga Lísía.

Eftirtaldir voru skipaðir í skólanefnd FSu 15. mars 2017 til fjögurra ára:

#### **Skv. tilnefningu Mennta- og menningarmálaráðuneytis:**

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Jóna S. Sigurbjartsdóttir

Kristín Traustadóttir

#### **Varamenn:**

Brynjólfur Magnússon

Hólmfríður Kjartansdóttir

Þorsteinn M. Kristinsson

#### **Skv. tilnefningu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga:**

Elín Einarsdóttir

Jón G. Valgeirsson

#### **Varamenn:**

Benedikt Benediktsson

Halldóra Hjörleifsdóttir

### **2. Kosning formanns skólanefndar**

Stungið var upp á Ingvari Pétri Guðbjörnssyni sem formanni skólanefndar og var það samþykkt samhljóða. Jón G Valgeirsson var valinn varaformaður skólanefndar.

### **3. Helstu hlutverk skólanefndar**

Olga Lísía renndi yfir hlutverk skólanefndar samkvæmt lögum og kom meðal annars inn á stöðu skólans og námsframboð hans. Hún varpaði upp hlutverki skólanefndar í átta liðum eins og það kemur fyrir í lögnum.



Hlutverk skólanefndar er að:

- a. marka áherslur í starfi skólans og stuðla að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf,
- b. vera skólameistara til samráðs um námsframboð skóla,
- c. staðfesta skólanámskrá að fenginni umsögn almenns skólafundar og fylgjast með framkvæmd hennar,
- d. veita skólameistara umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við niðurstöður fjárlaga og fylgjast með framkvæmd hennar,
- e. vera skólameistara til samráðs um fjárhæð þeirra gjalda sem skólameistari ákveður skv. 45. gr.,
- f. vera skólameistara til samráðs um samninga sem viðkomandi skóli gerir,
- g. vera skólameistara til samráðs um starfsmannamál,
- h. veita ráðherra umsögn um umsækjendur um stöðu skólameistara.

Ingvar talaði um að gott væri taka fyrir greinar a og b varðandi námsframboð sem og áherslur í starfi skólans. Hann talaði um sérstakan fund í tengslum við þessar greinar. Umræður sköpuðust í framhaldinu um námsframboð almennt.

#### 4. Ársreikningur og fjárfestingarreikningur skólans

Haraldur fjármálastjóri renndi yfir ársreikning og fjárfestingarreikning skólans. Ársreikningurinn kemur vel út og er staða skólans góð. Umræður urðu um stöðu skólans og hvernig fjármagni væri ráðstafað. Skólanefndarmenn undirrituðu fjárfestingarreikning skólans.

#### 5. Önnur mál:

- A. Olga Lísu fór yfir ýmis mál meðal annars heimasíðu skólans og sýndi fólki framsetningu hennar á netinu.
- B. Spurt var um aðsókn nýnema í skólann. Samkvæmt forinnritun eru 183 nemendur úr 10. bekk sem setja okkur í fyrsta val. Í annað val setja okkur 86 nemendur. Rætt var örstutt um brottfallið og orsakir þess.
- C. Rætt var um heimavistarhúsnæði og þá íbúð sem nú er leigð fyrir nemendur. Óljóst er með framhaldið.

Næsti fundur fyrirhugaður 13. júní kl. 09:30  
Stefnt á að boða einnig varamenn á næsta fund.  
Endað á því að skoða Hamar  
Fundu slitið kl. 10:55  
Fundarritari,  
Þórarinn Ingólfsson